

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 52/1933. **Metúsalem Jóhannsson**

gegn

Ara Þórðarsyni og Ólafi Þórðarsyni.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda var óskað að málið væri hafið. Annar hinna stefndu, Ari Þórðarson, mætti og krafðist ómaksbóta.

Málið er hafið, en með því að stefnan hefir verið afturkölluð og afturköllunin birt fyrir stefnanda 2. ág. þ. á., verður bótakrafan ekki tekin til greina gegn mótmælum áfrýjanda.

Mánudaginn 2. okt. 1933.

Nr. 7/1933. **Bæjarstjórn Ísafjarðar**

gegn

Jóni S. Edvald.

Svokallað leyfisgjald er bæjarstjórn heimti af notendum bæjarbryggju eigi talið löglega álagt.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 29. okt. 1932: Stefndur, Jón S. Edvald, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ingólfs Jónssonar, f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, í máli þessu, en stefnandi að greiða stefndum kr. 120.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri að för að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt fyrir hæstarétti, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1118,50 með 6% ársvöxtum frá 24. júní til greiðsludags

og málskostnað í undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins. Stefnandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað í hæstarétti.

Bæjarstjórnin byggir kröfur sínar á því, að hún hafi tekið í sínar hendur alla upp- og útskipun á vörum við bæjarbryggjuna á Ísafirði og sé gjald það, er mál þetta er risið útaf, greiðsla fyrir leyfi, er stefndi hafi fengið til að annast sjálfur uppskipun á vörum, er honum tilheyrðu, við nefnda bryggju, gjald, er eigi að koma í stað þess hagnaðar, er hafnarsjóður ella hefði haft af uppskipun þessara vara, og telur hún gjald þetta því vera annars eðlis en venjuleg hafnargjöld og lúta öðrum reglum. Stefndi mótmælir því, bæði að bæjarstjórnin hafi nokkru sinni formlega samþykkt að taka þessa starfrækslu í sínar hendur, og að hún hafi haft heimild til þess að lögum að áskilja sér einkarétt til hennar. Hvað fyrri atriðið snertir þá virðist að vísu aldrei nein sérstök samþykkt hafa verið gerð um það efni í bæjarstjórninni, en hinsvegar er það upplýst, að síðan árið 1923 hefir bæjarstjórnin árlega gert samning við firmu að Nathan & Olsen, þar sem firma þessu hefir verið veittur mjög víðtækur réttur til að annast upp- og útskipun á vörum við bryggju þessa og verður að telja að bæjarstjórnin hafi með þeim samningum nægilega lýst vilja sínum til þessara umráða yfir bryggjunni. Hvað aftur á móti snertir heimild bæjarstjórnarinnar til að áskilja sér einkarétt á þessari starfrækslu eða veita hana öðrum, þá er þess að gæta, að þegar kaupstaðurinn hafði keypt bryggjuna árið 1923 var hún gerð að bæjarbryggju og samþykkti atvinnumálaráðuneytið þá ráðstöfun með bréfi, dags.

10. apríl 1923, og með skirskotun til hafnarlaga Ísafjarðar nr. 34, 19. júní 1922. Um umráð og afnot bryggjunnar fer því eftir þeim lögum, en í þeim er eigi að finna heimild til slíkra takmarkana á afnotum bryggjunnar, sem hér ræðir um, né heldur er þar veitt heimild til að setja slíkar takmarkanir með samþykkt bæjarstjórnar eða með öðrum hætti, en það verður að teljast almenn regla, að opinberar eignir eins og bryggja þessi, séu frjálsar almenningi til afnota með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þau, er um þær eru sett, og ákvæði sett samkvæmt þeim lögum, hafa að geyma. Þessi málsástaða áfrýjanda verður því ekki tekin til greina og verður að líta á gjald það, er mál þetta er risið af, sem gjald fyrir afnot bryggjunnar, og með því að það þá ekki svo sem fyrir er mælt í 8. gr. hafnarlaganna, er ákveðið í reglugerð staðfestri af stjórnarráðinu, er það eigi löglega heimt, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnað í hæstarétti þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Ísafjarðar, greiði stefnda, Jóni S. Edvald, málskostnað í hæstarétti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilaun, höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar af Ingólfi Jónssyni bæjarstjóra á Ísafirði, f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, gegn Jóni S. Edwald, kaupmanni á Ísafirði, með stefnu, útgefinni 4. júlí s. l. Hef-

ir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér krónur 1118,50 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndur hefir hinsvegar krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér riflegan málskostnað.

Tildrög máls þessa eru þau, er nú skal greina:

Með samþykkt 26. marz 1923, og með samningi við firmað h/f Hæstikaupstaður (Nathan & Olsen) á Ísafirði, dags 30. sama mánaðar, ákvað bæjarstjórn að taka alla upp- og framskipun á bæjarbryggjunni á Ísafirði í sínar hendur. Með samningi þessum leigði svo bæjarstjórn nefndu firma einkarétt sinn til upp- og framskipunar. Skyldi hafnarnefnd í samráði við nefnt firma árlega ákveða gjöld fyrir uppskipunina og firmað standa hafnarnefnd skil á bæjarins hluta af þeim, samkv. samningi er um það yrði gerður. Jafnframt var ákveðið að einstakir menn eða félög, er fengu skip að öllu leyti lestuð fyrir sinn reikning, mættu annast uppskipunina sjálfir, enda greiði þeir leigu fyrir braut, vagna og uppskipunartæki bryggjunnar og skyldu ákvæði um leiguna vera í hinum árlega fyrnefnda samningi við firmað h/f Hæstikaupstaðurinn (Nathan & Olsen).

Haustið 1931 voru fyrnefnd uppskipunartæki tekin burt af bryggjunni og féll þar með niður notkun þeirra. En með uppskipunarsamningi, er hafnarnefnd gerði við firmað Nathan & Olsen og dags. er 18. nóv. 1931 og samþykktur hefir verið af bæjarstjórn 30. okt. sama ár, er svo ákveðið að þeir, sem skipi upp á bæjarbryggjunni heilum förmum fyrir eigin reikning, skyldu greiða kr. 0,50 af smálest og kr. 1,50 af standard af timbri. Skyldi hafnarsjóður hafa innheimtu þessa gjalds og 30% af því renna í hann, en afgangurinn til firmans Nathan & Olsen. Er gjald þetta á reikningum frá hafnarsjóði nefnt leyfisgjald.

Stefndur, sem samkvæmt skjölum málsins, hefir nokkrum sinnum skipað upp á bæjarbryggjuna heilum förmum fyrir eiginn reikning, hefir neitað að greiða þetta svo nefnda leyfisgjald, en stefnandi hefir höfðað mál þetta til að fá hann dæmdan til að greiða það, og nemur upp-

hæð þessi, hvað stefndan snertir hinum umstefndu krónum 1118,50.

Stefndur byggir þessa neitun sína og kröfur sínar í máli þessu á því að bæjarstjórn Ísafjarðar hafi brostið og bresti heimild til að leggja „leyfisgjaldið“ á notendur bæjarbryggjunnar. Bendir hann á það m. a. máli sínu til stuðnings að bæjarbryggjan sé almennings eign og starfrækt samkvæmt ákvæðum hafnarreglugerðar, er staðfest sé af stjórnarráðinu. Heldur hann því fram, að ekki verði önnur gjöld tekin af notendum bæjarbryggjunnar, fyrir afnot af henni, en þau, sem ákveðin eru í hafnarreglugerðinni, en meðal þeirra sé hið svonefnda leyfisgjald ekki.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að bæjarbryggjan sé hvað uppskipun snertir, ekki rekin samkv. reglugerð, og að bæjarstjórnin hafi eins og hver annar eigandi réttindaleyfi til þess, að hagnýta sér uppskipunarréttinn á bæjarbryggjunni eins og hún vilji, og hafi þá einnig rétt til þess að ákveða gjald fyrir að selja öðrum réttinn í hendur. Upplýsir hann og að bæjarstjórnin hafi fengið samþykki stjórnarráðsins á samningana við firmað (Nathan & Olsen) 1923.

Bæjarbryggja sú, sem rætt er um í máli þessu, er eign hafnarsjóðs Ísafjarðar. Það er sama bryggjan, sem í hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 63 frá 1929, er ýmist nefnd „bryggja bæjarsjóðs“ eða „hafnarbryggjan“. Það er ljóst af skjölum málsins og viðurkennt af báðum aðiljum, að hið umþætta „leyfisgjald“ er gjald fyrir ákveðin afnot bæjarbryggjunnar, það er ennfreður upplýst í málinu að hafnarsjóður Ísafjarðar innheimti gjaldið og að nokkur hluti þess rennur í hann.

Samkv. hafnarlögum fyrir Ísafjörð nr. 34 frá 19. júní 1922, 8. gr., skulu gjöld öll af eignum hafnarinnar ákveðin með reglugerð, er bæjarstjórn Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Gjöld þessi eru ákveðin í hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 63, frá 27. júní 1929. Er „leyfisgjaldið“ svonefnda ekki meðal þeirra gjalda, sem þar eru talin. Er „leyfisgjaldið“ svo sem fyrr segir, ákveðið með bæjarstjórnarsamþykkt og samningi við firmað Nathan & Olsen, en ekki með reglugerðarákvæði.

Þegar af þessu er það ljóst, að bæjarstjórn og hafnarnefnd hefir brostið og brestur alla heimild til að heimta

þetta svonefnda „leyfisgjald“ af stefndum fyrir að fá að nota bæjarbryggjuna til uppskipunar heilla skipsfarma fyrir eigin reikning. Að bæjarstjórnin hefir á sínum tíma fengið samþykki stjórnarráðsins á samninga sína við firmað h/f Hæstikaupstaðurinn (Nathan & Olsen) skiptir ekki máli, því hvorki bæjarstjórnarsamþykkt ein, né bæjarstjórnarsamþykkt með almennu samþykki stjórnarráðsins, getur breytt formlega settum lögum né reglugerðum.

Það verður því að taka til greina kröfu stefnds um algerða sýknu af kröfum stefnanda í þessu máli, svo og málskostnaðarkröfu hans, og þykir hæfilegt að gera stefnanda að greiða honum kr. 120,00 í málskostnað.

Að dómur hefir ekki verið kveðinn upp í máli þessu fyrir en nú, stafar af embættisönnnum dómarans, sérstaklega við skipti þrotabúa, er ekki þoldu þið.

Miðvikudaginn 4. okt. 1933.

Nr. 66/1933. **Valdstjórnin**

gegn

Jóni Ragnari Jónassyni og Margréti Þorsteinsdóttur

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1933: Kærði, Jón Ragnar Jónasson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða, Margrét Þorsteinsdóttir, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 50 krónur til verjanda síns, Eggerts Claessens, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.